STARFSMAT

VERKEFNASTOFA STARFSMATS

Rósa Björk Bergþórsdóttir

# Efnisyfirlit

**1. Um verkefnastofu starfsmats** .... 2
**1.1. Framkvæmdanefnd starfsmats** .... 2
**1.2. Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar** .... 2
**2. Starfið 2024** .... 1
**2.1. Framkvæmdanefnd Starfsmats** .... 1
**2.2. Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar** .... 2
**2.3. Viðhald starfsmatskerfis** .... 4
**2.4. Heimasíða Verkefnastofu – starfsmat.is** .... 4
**3. Helstu verkefni 2025** .... 5
**3.1. Jafnlaunastofa** .... **Error! Bookmark not defined.**
**3.2. Framkvæmdanefnd Starfsmats** .... 5
**3.3. Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar** .... 5
**3.4. Viðhald starfsmatskerfis / fagleg samráðsnefnd** .... 5
**3.5. Heimasíða Verkefnastofu – starfsmat.is** .... 5

# 1. Um Verkefnastofu starfsmats

Verkefnastofa starfsmats er rekin sem eining innan Jafnlaunastofu sem er í eigu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á Verkefnastofu unnu, í upphafi árs 2024, fjórir starfsmenn:
Bryndís Guðmundsdóttir, starfsmatssérfræðingur.
María Björk Lárusdóttir, starfsmatssérfræðingur.
Rósa Björk Bergþórsdóttir, teymisstjóri Verkefnastofu starfsmats.
Steinvör Laufey Jónsdóttir, starfsmatssérfræðingur.

Commented [AÓ1]: @Helga Björg Ragnarsdóttir þú mátt lesa yfir og sjá hvort þetta sé ekki bara komið.

Verkefnastofa starfsmats vinnur fyrir tvær nefndir: Framkvæmdanefnd starfsmats og Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar auk þess að taka að sér ýmis verkefni við ráðgjöf til sveitarfélaga og fyrirtækja/stofnanna þeim tengdum um framkvæmd mats á störfum, launajafnrétti o.fl.

## 1.1. Framkvæmdanefnd starfsmats

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjórir fulltrúar stéttarfélaga. Þegar verið er að taka fyrir mat á störfum er fulltrúum stéttarfélaga viðkomandi starfa jafnframt boðið að sitja fundi sem fulltrúi fyrir viðkomandi starf.

**Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru:**
Inga Rún Ólafsdóttir
Berglind Eva Ólafsdóttir
Margrét Sigurðardóttir

**Fulltrúar stéttarfélaga eru:**
Arna Jakobína Björnsdóttir, BSRB
Marta Ólöf Jónsdóttir, BSRB
Anna María Frímannsdóttir, BHM
Ragnar Ólason, ASÍ

Varafulltrúi ASÍ er Bergdís Linda Kjartansdóttir

## 1.2. Starfsmatnefnd Reykjavíkurborgar

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar Reykjavíkurborgar og þrír fulltrúar stéttarfélaga. Þegar verið er að taka fyrir mat á störfum er fulltrúum stéttarfélaga viðkomandi starfa jafnframt boðið að sitja fund sem fulltrúi fyrir viðkomandi starf.

**Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru:**
Auður Björgvinsdóttir
Elín Blöndal
Íris Jóhannesdóttir

**Fulltrúar stéttarfélaga eru:**
Anna Lilja Magnúsdóttir, BHM
Ingólfur Björgvin Jónsson Sameyki
Ragnar Ólason, Efling

Commented [AÓ2]: @María Björk Lárusdóttir Hvernig lagar maður þetta eins og þetta er í framkvæmdanefndinni hér að ofan. Hlið við hlið en ekki fyrir neðan hvort annað?

# 2. Starfið 2024

## 2.1. Framkvæmdanefnd Starfsmats

Framkvæmdanefnd Starfsmats fundaði að jafnaði á tveggja vikna fresti. Fastur fundartími nefndarinnar var annan hvern þriðjudag kl. 9:30-11:30 og voru fundirnir að öllu jöfnu haldnir í gegnum fjarfundabúnað.

Á árinu 2024 fundaði framkvæmdanefndin 9 sinnum en hlé var gert á fundum vegna kjarasamningsviðræðna aðila. Framkvæmdanefnd afgreiddi 26 beiðnir um endurmat. Tekin voru tvö viðtöl á árinu 2024. Gerðar voru fjórar bráðabirgðaraðanir fyrir sveitarfélög. Fundargerðir nefndarinnar er hægt að sjá á heimasíðu Verkefnastofu.

Niðurstöður 5 ára endurskoðunar útgefinna starfa tóku gildi 1.1.2024. Um var að ræða 140 útgefin starfsheiti. Verkefnastofa starfsmats endurskoðaði mat á útgefnum störfum út frá starfslýsingum sveitarfélaga, staðbundnu mati á sambærilegum störfum hjá sveitarfélögum auk þess sem sambærileg störf hjá Reykjarvíkurborg voru notuð til samanburðar þegar það átti við.

Út frá þessum gögnum voru lagðar fram breytingartillögur á störfum þegar það átti við. Þá voru einnig lagðar fram tillögur um sameiningu starfsheita og/eða breytingar á þeim og voru nokkrar slíkar tillögur sammþykktar. Þá var einnig samþykkt að loka starfsheitum sem voru ekki í notkun þegar það átti við.

5 ára endurskoðun starfa var gerð til að tryggja að öll störf í starfsmati, sem ekki hafa hlotið endurmat undanfarin 5, ár fengu skoðun. Auk þessarar vinnu var samþykkt tillaga um breytingar á starfaflokkun starfsheita Sambands íslenskra sveitarfélaga og hafa breytingar verið gerðar á heimasíðu starfsmats út frá þeirri samþykkt.

Unnið hefur verið að endurskoðun staðbundinna starfa sem ekki hafa fengið endurskoðun síðastliðin 5 ár. Haldin var fundur þar sem fulltrúum frá sveitarfélögum var boðið ásamt fulltrúum framkvæmdarnefndar starfsmats og stéttarfélögum. Farið var yfir verkferla vegna 5 ára endurskoðunar á staðbundnum störfunum. Á haustmánuðum boðaði Verkefnastofa starfsmats hvert og eitt sveitarfélag á fund meðal annars til þess að skoða stöðu sveitarfélaga í þessu verkefni. Stefnt er að því að klára fundi með sveitarfélögum sem þáðu fundarboð í byrjun árs 2025.

Hér er listi yfir öll þau störf sem voru samþykkt af Framkvæmdanefnd árið 2024 eða alls 25 störf:

| starfsheiti | afgreitt | stig | 1. Þekking | 2. Hugræn færni | 3. Samskiptafærni | 4. Líkamleg færni | 5.Frumkvæði og sjálfstæði | 6.Líkamlegt álag | 7. Hugrænar kröfur | 8. Tilfinningalegt álag | 9. Ábyrgð velferð fólks | 10. Ábyrgð á stjórnun | 11. Ábyrgð á fjármunum | 12. Ábyrgð á búnaði | 13. Vinnuaðstæður | Launaflokkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tækjastjóri | 09/01/2024 | **447** | 80 | 39 | 26 | 52 | 39 | 30 | 40 | 10 | 26 | 13 | 13 | 39 | 40 | **136** |
| Umsjónarmaður opinna leiksvæða | 09/01/2024 | **486** | 80 | 39 | 39 | 52 | 39 | 30 | 40 | 10 | 26 | 26 | 26 | 39 | 40 | **142** |
| Byggingafulltrúi | 06/02/2024 | **786** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 20 | 52 | 52 | 65 | 78 | 10 | **185** |
| Forstöðumaður Nýframkvæmdadeildar | 06/02/2024 | **786** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 20 | 39 | 52 | 78 | 78 | 10 | **185** |
| Forstöðumaður viðhalds | 06/02/2024 | **786** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 20 | 39 | 52 | 78 | 78 | 10 | **185** |
| Verkefnastjóri rekstrardeildar II | 05/03/2024 | **679** | 121 | 78 | 65 | 39 | 78 | 10 | 50 | 20 | 39 | 39 | 65 | 65 | 10 | **170** |
| Forstöðumaður íþróttahúss skóla | 05/03/2024 | **541** | 80 | 39 | 52 | 52 | 52 | 30 | 30 | 20 | 26 | 52 | 39 | 39 | 30 | **150** |
| Sérfræðingur á launadeild | 05/03/2024 | **565** | 121 | 52 | 52 | 52 | 65 | 10 | 50 | 10 | 26 | 26 | 52 | 39 | 10 | **153** |
| Eftirlitsmaður fasteigna (Verkefnastjóri) | 05/03/2024 | **650** | 121 | 65 | 65 | 39 | 78 | 10 | 50 | 20 | 52 | 39 | 26 | 65 | 20 | **165** |
| Forstöðumaður hagþjónustu og áætlanagerðar | 19/03/2024 | **765** | 142 | 78 | 78 | 52 | 91 | 10 | 50 | 20 | 39 | 52 | 78 | 65 | 10 | **182** |
| Þjónustu og innheimtufulltrúi | 19/03/2024 | **515** | 100 | 39 | 52 | 52 | 39 | 10 | 40 | 20 | 26 | 26 | 52 | 39 | 20 | **146** |
| Deildarstjóri frístundarheimilis krakkadals | 02/04/2024 | **632** | 142 | 52 | 52 | 39 | 65 | 20 | 40 | 20 | 52 | 52 | 39 | 39 | 20 | **163** |
| Verkefnastjóri virkni og vellíðan | 02/04/2024 | **618** | 121 | 52 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 30 | 52 | 26 | 26 | 39 | 20 | **161** |
| Sérfræðingur í Fjármálaþjónustu | 23/09/2024 | **578** | 121 | 65 | 52 | 52 | 65 | 10 | 50 | 10 | 26 | 26 | 52 | 39 | 10 | **155** |
| Stuðningsfulltrúi í skóla umfangsmiklar þjónustuþarfir | 08/10/2024 | **460** | 60 | 39 | 52 | 39 | 39 | 30 | 40 | 30 | 39 | 13 | 13 | 26 | 40 | **138** |
| Forstöðumaður í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs | 08/10/2024 | **729** | 142 | 78 | 78 | 39 | 78 | 10 | 50 | 10 | 39 | 52 | 65 | 78 | 10 | **177** |
| Rekstrarstjóri/verkefnastjóri Lífsgæðaseturs | 22/10/2024 | **630** | 121 | 65 | 65 | 39 | 78 | 10 | 50 | 10 | 26 | 39 | 65 | 52 | 10 | **163** |
| Starfmaður / Leiðbeinandi í leikskóla | 11/11/2024 | **358** | 40 | 26 | 39 | 26 | 26 | 30 | 30 | 20 | 39 | 13 | 13 | 26 | 30 | **126** |
| Matráður í móttökueldhúsi (Birkilund) | 11/11/2024 | **384** | 60 | 39 | 26 | 39 | 39 | 30 | 20 | 10 | 26 | 13 | 26 | 26 | 30 | **129** |
| Umsjónarmaður fasteignaskráningar/Innheimtufulltrúi | 26/11/2024 | **539** | 121 | 52 | 52 | 52 | 52 | 10 | 40 | 20 | 26 | 13 | 52 | 39 | 10 | **150** |
| Deildarstjóri frístund barna og unglinga | 26/11/2024 | **647** | 121 | 65 | 65 | 39 | 65 | 20 | 40 | 30 | 52 | 52 | 39 | 39 | 20 | **165** |
| Vélstjóri | 26/11/2024 | **545** | 100 | 39 | 52 | 52 | 52 | 40 | 30 | 10 | 39 | 26 | 13 | 52 | 40 | **150** |
| Bæjarverkstjóri Kópavogsbæjar | 26/11/2024 | **603** | 100 | 52 | 52 | 52 | 52 | 20 | 30 | 20 | 39 | 52 | 52 | 52 | 30 | **159** |
| Teymisstjóri á heimili fatlaðs fólks | 26/11/2024 | **648** | 121 | 52 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 40 | **165** |
| Veitustjóri I (verkstjóri í áhaldahúsi) | 26/11/2024 | **551** | 80 | 39 | 39 | 52 | 52 | 40 | 30 | 10 | 39 | 52 | 39 | 39 | 40 | **151** |

*Mynd 1. Metin störf 2024*

## 2.2.Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar fundaði alla jafna á tveggja vikna fresti. Fastur fundartími nefndarinnar var annar hver þriðjudagur kl. 9:00-11:00. Á árinu 2024 fundaði nefndin níu sinnum en hlé var gert á fundum vegna kjarasamningsviðræðna aðila. Starfsmatsnefndin afgreiddi fjögur ný starfsmöt og 35 endurmöt á árinu 2024, auk þess voru gerðar sex bráðabrigðaraðanir á störfum. Tekin voru 20 viðtöl árið 2024. Fundargerðir nefndarinnar er hægt að sjá á heimasíðu Verkefnastofu.

Vinna vegna innleiðingar Visku er vel á veg komin. Innleiðing FÍN stendur yfir en búið er að leggja fram tillögur inn í starfsmatsnefnd vegna þeirrar vinnu.

Gagnaöflun vegna innleiðingar KVH stendur yfir og stefnt er að viðtölum á árinu 2025 eða þegar öllum gögnum hefur verið skilað.

Hér er listi yfir öll þau störf sem voru samþykkt af Starfsmatsnefnd RVK árið 2024, eða alls 52 störf:

| Starfsheiti | Afgreitt | Stig | Þekking | Hugræn færni 2 | Samskiptafærni 3 | Líkamleg færni 4 | umkvæði og sjálfstæði 5 | Líkamlegt álag 6 | Hugrænar kröfur 7 | Tilfinningalegt álag 8 | Áb. á fólki 9 | Áb. á stjórnun 10 | Áb. á fjárm. 11 | Áb. á bún 12 | Vinnuaðstæður 13 | Launaflokkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MOS.2650.þróunarstjóri mannauðs- og launakerfis. | 01/01/2024 | **677** | 142 | 78 | 65 | 52 | 78 | 10 | 50 | 10 | 26 | 39 | 39 | 78 | 10 | **283** |
| MIR.2020.deildarstjóri 2. | 01/01/2024 | **737** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 10 | 26 | 52 | 52 | 78 | 10 | **295** |
| SFS.2020.ráðgjafi í fardeild (farteymi) | 16/01/2024 | **675** | 142 | 65 | 78 | 39 | 65 | 20 | 50 | 40 | 65 | 39 | 13 | 39 | 20 | **283** |
| SFS.2650.frístundaleiðbeinandi (í félagsmiðstöð) | 16/01/2024 | **414** | 80 | 26 | 52 | 26 | 39 | 20 | 30 | 20 | 39 | 13 | 13 | 26 | 30 | **240** |
| SFS.2679.talmeinafræðingur í sérskóla | 16/01/2024 | **695** | 142 | 65 | 78 | 39 | 65 | 20 | 50 | 40 | 65 | 39 | 13 | 39 | 40 | **287** |
| SFS.2690.ráðgjafi í fardeild (farteymi) | 16/01/2024 | **675** | 142 | 65 | 78 | 39 | 65 | 20 | 50 | 40 | 65 | 39 | 13 | 39 | 20 | **283** |
| SÞR.2683.tölvunarfræðingur 3 | 30/01/2024 | **599** | 142 | 65 | 65 | 52 | 65 | 10 | 50 | 10 | 13 | 39 | 13 | 65 | 10 | **268** |
| ÍTR.2949.yfirþroskaþjálfi málefni fatlaðra | 20/02/2024 | **641** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 20 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **276** |
| SFS.2949.yfirþroskaþjálfi í sérskóla | 20/02/2024 | **674** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 65 | 39 | 13 | 39 | 40 | **283** |
| VEL.2020.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk. | 20/02/2024 | **651** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **278** |
| VEL.2619.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk. | 20/02/2024 | **651** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **278** |
| VEL.2678.hjúkrunardeildarstjóri. | 20/02/2024 | **717** | 142 | 65 | 78 | 52 | 65 | 20 | 40 | 40 | 52 | 52 | 52 | 39 | 20 | **291** |
| VEL.2679.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk. | 20/02/2024 | **651** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **278** |
| VEL.2689.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk. | 20/02/2024 | **651** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **278** |
| VEL.2949.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk. | 20/02/2024 | **651** | 121 | 65 | 78 | 39 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **278** |
| FMS.2650.verkefnastjóri (húsnæðismál) | 05/03/2024 | **637** | 121 | 65 | 65 | 39 | 78 | 10 | 50 | 20 | 26 | 39 | 52 | 52 | 20 | **276** |
| SBB.2679.samskiptastjóri | 05/03/2024 | **747** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 20 | 26 | 52 | 65 | 65 | 10 | **297** |
| SÞR.2650.þjónustufulltrúi III | 05/03/2024 | **446** | 80 | 39 | 52 | 52 | 39 | 10 | 30 | 20 | 26 | 13 | 26 | 39 | 20 | **244** |
| SÞR.2683.tölvunarfræðingur 2 | 05/03/2024 | **565** | 121 | 52 | 65 | 52 | 65 | 10 | 50 | 10 | 26 | 26 | 13 | 65 | 10 | **262** |
| VEL.2650.ráðgjafi við eftirlit. | 05/03/2024 | **542** | 100 | 39 | 65 | 39 | 52 | 10 | 40 | 40 | 39 | 26 | 13 | 39 | 40 | **257** |
| VEL.2678.teymisstjóri í heimahjúkrun. | 28/05/2024 | **691** | 142 | 65 | 78 | 52 | 78 | 20 | 40 | 40 | 65 | 39 | 13 | 39 | 20 | **286** |
| VEL.2949.ráðgjafi heim | 30/05/2024 | **618** | 121 | 52 | 78 | 39 | 65 | 10 | 40 | 40 | 65 | 26 | 13 | 39 | 30 | **272** |
| ITR.2650.fulltrúi í dýraþjónustu | 01/10/2024 | **434** | 80 | 26 | 39 | 39 | 39 | 20 | 30 | 30 | 39 | 13 | 13 | 26 | 40 | **242** |
| VEL.2678.hjúkrunarfræðingur í heimahjúkrun. | 15/10/2024 | **664** | 121 | 65 | 78 | 52 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 30 | **281** |
| SÞR.2679.fjármálastjóri | 15/10/2024 | **737** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 10 | 39 | 52 | 78 | 39 | 10 | **295** |
| VEL.2678.deildarstjóri heimaþjónustu. | 15/10/2024 | **806** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 40 | 78 | 65 | 65 | 39 | 10 | **308** |
| SFS.2679.verkefnastjóri fjölmenningar | 05/11/2024 | **681** | 142 | 65 | 78 | 39 | 78 | 10 | 50 | 40 | 65 | 39 | 26 | 39 | 10 | **284** |
| SFS.2679.fagstjóri grunnskólahluta | 05/11/2024 | **809** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 30 | 78 | 65 | 65 | 52 | 10 | **309** |
| SFS.2679.fagstjóri leikskólahluta skóla- og frístundadeildar | 05/11/2024 | **809** | 163 | 78 | 78 | 39 | 91 | 10 | 50 | 30 | 78 | 65 | 65 | 52 | 10 | **309** |
| VEL.2678.hjúkrunarfræðingur 3. | 05/11/2024 | **654** | 121 | 65 | 78 | 52 | 65 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 20 | **279** |
| VEL.2678.hjúkrunarstjóri hjúkrunarheimili | 05/11/2024 | **735** | 163 | 65 | 78 | 52 | 78 | 20 | 50 | 40 | 65 | 52 | 13 | 39 | 20 | **295** |
| MOF.2650.deildarfulltrúi (Gerðubergi) | 05/11/2024 | **489** | 100 | 39 | 52 | 39 | 52 | 30 | 40 | 10 | 26 | 26 | 26 | 39 | 10 | **250** |
| SFS.2690.atferlisþjálfi í sérskóla. | 19/11/2024 | **635** | 121 | 65 | 65 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 40 | **275** |
| SFS.2020.2690.atferlisþjálfi í sérskóla. | 19/11/2024 | **635** | 121 | 65 | 65 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 39 | 13 | 39 | 40 | **275** |
| VEL.2112.fíknileiðbeinandi. | 19/11/2024 | **519** | 80 | 39 | 52 | 39 | 52 | 20 | 40 | 40 | 39 | 26 | 13 | 39 | 40 | **253** |
| VEL.2112.flokkstjóri félagsleg heimaþjónusta | 19/11/2024 | **502** | 80 | 39 | 52 | 39 | 52 | 20 | 40 | 30 | 39 | 39 | 13 | 39 | 20 | **251** |
| VEL.2020.2679.ráðgjafi í málefnum flóttafólks. | 19/11/2024 | **654** | 121 | 52 | 78 | 39 | 65 | 10 | 50 | 50 | 65 | 39 | 26 | 39 | 20 | **279** |
| FMS/FÁST.2020.sérfræðingur vinnslustjórnar. | 19/11/2024 | **601** | 121 | 65 | 52 | 52 | 65 | 10 | 50 | 20 | 26 | 39 | 52 | 39 | 10 | **269** |
| VEL.2112.starfsmaður þjónustukjarna. | 19/11/2024 | **417** | 40 | 26 | 39 | 39 | 39 | 40 | 30 | 30 | 39 | 26 | 13 | 26 | 30 | **240** |
| USK.2679.deildarstjóri á skrifstofu mannauðs | 01/12/2024 | **713** | 142 | 78 | 65 | 39 | 78 | 10 | 50 | 20 | 52 | 65 | 65 | 39 | 10 | **290** |
| VEL.2112.starfsmaður í neyðarskýli | 03/12/2024 | **457** | 40 | 26 | 39 | 26 | 39 | 40 | 40 | 40 | 39 | 26 | 13 | 39 | 50 | **245** |
| SFS.2112.deildarstjóri C. | 03/12/2024 | **512** | 80 | 52 | 52 | 26 | 52 | 20 | 40 | 30 | 52 | 39 | 13 | 26 | 30 | **253** |
| VEL. 2020.Sérfræðingur virknimiðlun | 03/12/2024 | **642** | 142 | 65 | 78 | 39 | 65 | 10 | 50 | 30 | 52 | 39 | 13 | 39 | 20 | **277** |
| VEL. 2679.Sérfræðingur virknimiðlun | 03/12/2024 | **642** | 142 | 65 | 78 | 39 | 65 | 10 | 50 | 30 | 52 | 39 | 13 | 39 | 20 | **277** |
| VEL.2020.uppeldis og meðferðarráðgjafi | 17/12/2024 | **599** | 121 | 52 | 78 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 26 | 13 | 26 | 30 | **268** |
| VEL.2650.uppeldis og meðferðarráðgjafi | 17/12/2024 | **599** | 121 | 52 | 78 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 26 | 13 | 26 | 30 | **268** |
| VEL.2679.uppeldis og meðferðarráðgjafi | 17/12/2024 | **599** | 121 | 52 | 78 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 26 | 13 | 26 | 30 | **268** |
| VEL.2689.uppeldis og meðferðarráðgjafi | 17/12/2024 | **599** | 121 | 52 | 78 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 26 | 13 | 26 | 30 | **268** |
| VEL.2949.uppeldis og meðferðarráðgjafi | 17/12/2024 | **599** | 121 | 52 | 78 | 39 | 52 | 30 | 40 | 40 | 52 | 26 | 13 | 26 | 30 | **268** |
| VEL.2020.forstöðumaður þjónustuíbúða. | 17/12/2024 | **756** | 142 | 65 | 78 | 39 | 78 | 10 | 50 | 40 | 65 | 52 | 65 | 52 | 20 | **299** |
| VEL.2949.forstöðumaður þjónustuíbúða. | 17/12/2024 | **756** | 142 | 65 | 78 | 39 | 78 | 10 | 50 | 40 | 65 | 52 | 65 | 52 | 20 | **299** |
| VEL.2679.forstöðumaður þjónustuíbúða. | 17/12/2024 | **756** | 142 | 65 | 78 | 39 | 78 | 10 | 50 | 40 | 65 | 52 | 65 | 52 | 20 | **299** |

## 2.3. Viðhald starfsmatskerfis

Fagleg stjórn starfsmats, sem skipuð er fulltrúum framkvæmdanefndar starfsmats hjá sveitarfélögum og starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar, fundaði 5 sinnum á árinu. Stjórnin fundaði alla jafna einu sinni í mánuði eða eftir þörfum. Fundartímar voru á mánudögum eftir hádegi og eru fundirnir alla jafna fjarfundir en reynt var að halda staðfundi tvisvar á ári eða eftir þörfum.

Hlutverk faglegrar stjórnar er að halda utan um aðlögun og þróun starfsmatskerfisins ásamt því að vera faglegur samráðsvettvangur um starfsmatið með það að markmiði að samræma verkferla og verklag starfsmatsins.

Helstu verkefni faglegrar stjórnar var að gera verklýsingu út frá bókunum aðila í kjarasamningum sem snéri að úttekt á starfsmatskerfinu, verklagi og ferlum þess. Fræðsla frá Nýja Sjálandi og umræða um einstaka mál voru tekin fyrir á árinu.

### Heimasíða Verkefnastofu – starfsmat.is

Heimasíða Verkefnastofu starfsmats – www.starfsmat.is – Á heimasíðunni er hægt að finna margvíslegt efni um starfsmatið, m.a. starfsreglur, almennar leiðbeiningar, eyðublöð og fræðsluefni.

Ýmsar breytingar voru gerðar á heimasíðu starfsmats á árinu en aðal markmið þeirra breytinga voru að auka aðgengileika gagna. Farið var í að færa störf sem áður voru birt í pdf skjölum yfir í töfluform og birtast núna öll störf eins á vefsíðunni. Þá var jafnframt bætt við þeim eiginleika að geta hlaðið niður öllum störfum af síðunni í excel sem hlaut góðar viðtökur notenda.

Því til viðbótar er nú að finna skýringamynd á um endurmatsferlið til að gera það aðgengilegra.

# Helstu verkefni 2025

### 2.4.Framkvæmdanefnd Starfsmats

Meðal áhersluatriða árið 2025 er að vinna að endurskoðun útgefinna starfa sem eru innan BHM eða eru utan bandalaga, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands og Félag skipstjórnarmanna.

Vinna vegna staðbundinna starfa, sem eru á 5 ára endurskoðun heldur áfram. Verkefnastofa býður sveitarfélögum upp á fundi þar sem farið er yfir þeirra störf og þeim leiðbeint um verklag vegna endurskoðunar þeirra starfa. Þá verður kallað eftir starfslýsingum fyrir þau störf sem eru í notkun og störf sem ekki eru í notkun veða tekin út af heimasíðu starfsmatsins.

Innleiðing Sjúkraliðafélags Íslands stendur yfir og eru samningsaðilar samninganefndar sammála um að vinnulagið við innleiðingu starfa sjúkraliða, hjá sveitarfélögum, sé pörun á mati starfa sjúkraliða hjá Reykjavíkurborg. Störfin eru mjög sambærileg. Óskað hefur verið eftir starfslýsingum frá sveitarfélögum til að nota í þeirri vinnu.

Einnig er það viðvarandi verkefni hjá VS að meta ný störf og endurmeta eldri störf hjá sveitarfélögum eftir því sem að beiðnir berast.

### 2.5.Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar

Megináhersluatriði árið 2025 verður að ná utan um störf á bráðabirgðaröðun hjá borginni, para þau við sambærileg störf eða meta eftir því sem á betur við. Einnig verður áhersla lögð á að klára innleiðingu FÍN. Gagnaöflun fyrir innleiðingu KVH stendur yfir og stefnt verður að því að taka viðtöl vegna þeirra starfa á árinu og í framhaldi af því að vinna tillögur að mati.

Varðandi innleiðingu Stéttarfélags lögfræðinga verður lögð áhersla á að klára gagnaöflun svo hægt verið að klára mat á þeim störfum.

Gerðar verða þverkeyrslur á störfum borgarinnar í byrjun árs með það að markmiði að skoða öll metin störf borgarinnar, bera þau saman og kanna hvort einhver frávik séu að finna t.d. á milli sviða eða sambærilegra starfa. Ef um frávik er að ræða þá verða þau skoðuð sérstaklega og beiðni send til sviðs um endurmatsferli.

Einnig er það viðvarandi verkefni hjá VS og að meta ný störf og endurmeta eldri störf hjá borginni eftir því sem að beiðnir berast.

### 2.6.Viðhald starfsmatskerfis / fagleg samráðsnefnd

Stefnt er að því að fá úttektar aðila til að hefja úttekt samkvæmt verklýsingu unnin af faglegri stjórn starfsmats.

### 2.7.Heimasíða Verkefnastofu – starfsmat.is

Verkefnastofa starfsmats mun halda áfram að viðhalda heimasíðu starfsmats, setja inn samþykkt möt á störfum, fundargerðir og aðrar upplýsingar eftir því sem við á. Einnig er stefnt er að því að birta leiðbeinandi myndbönd um matsferlin á árinu 2025.